

A photograph of a grassy field under a blue sky with light clouds. In the foreground, a colorful model airplane with yellow, red, and blue sections lies on the grass. In the background, a red and white windsock is mounted on a tall pole. The horizon shows a line of dark, rocky terrain and distant hills.

Flugmódelárið

2015



38% Su-31 frá CARF með Moki 215(cc) stjörnumótor



Ka8b í skalanum 1:3



Gee Bee R3, hvað ef... útgáfa frá CARF

Augnablikið



Quique Somenzini sýndi listir sínar á Florida Jets. Hér sést hann hengja Eurosport frá CARF.

Forsíðumynd

Hin klassíska Gentle Lady frá Carl Goldberg gekk í endurnýjun lífdaga þegar Hobbico samsteypan keypti þrotabúið. Nokkur af vinsælustu módelum CG voru sett aftur á markað, bæði sem smíðakit en einnig sem ARF.

Forsíðufyrirsætan var keypt í ferð ritstjóra á Florida Jets en nokkrar myndir úr ferðinni má sjá á bls. 12 - 13.

bls.

12



ÚTGEFANDI

Fréttavefur.net



RITSTJÓRI

Sverrir Gunnlaugsson

LJÓSMYNDIR

Sverrir Gunnlaugsson

nema annars sé getið



On April 1, 1969, Dr. Max Faget tossed this model toward his team of engineers. These engineers were hard at work trying to land a man on the moon, but they also began creating a revolutionary space vehicle for NASA.



Hafðu samband

FRÉTTAVEFUR.NET

Klukkuvöllum 10

221 Hafnarfirði

NETFANG

ritstjori@frettavefur.net

Fréttavefur.net © 2015

Allur réttur áskilinn.

Prentað í Evrópu.

ISSN 2298-8203

RITSTJÓRARAUS



Fréttavefurinn birtist fyrst á internetinu árið 1999 og 2004 var svo opnað fyrir spjallborð flugmódelmanna.

Vefurinn fagnaði því 15 ára afmæli sínu og 10 ára afmæli spjallsins árið 2014. Vonandi náum við að fagna aldarfjórðungsafmæli eftir níu ár í viðbót!

Líttu endilega við á <http://frettavefur.net> og fylgstu með því helsta sem er að gerast í sportinu bæði hér heima og erlendis.



Petta fyrsta prentaða eintak af tímariti Fréttavefsins er hugsað sem yfirlit yfir flugmódelárið 2015 og vonandi hafa menn gaman af.

Ef viðtökur verða góðar þá er aldrei að vita nema við reynum að gera þetta að árlegum viðburði!

Veðurguðirnir voru yfirleitt nokkuð góðir við okkur í sumar og mikið var flogið og nokkrar samkomur og mót haldin. Kríumótið, flotflugkoma FMS, Íslandsmeistaramótið í F3B, stríðsfugla flugkoma EPE, Piper Cub flugkoman, flugkoma FMFA og stórskala flugkoma EPE.

Þrátt fyrir þennan fjölda viðburða var ekki mikið um flakk á milli landshluta sem er miður þar sem það er óneitanlega stór þáttur af áhugamálinu að hitta aðra flugmódelmenn, dást að flugmódelum og skiptast á sögum. Það er mikill missir af flugkomu þeirra Patreksfirðinga en vonandi taka þeir upp þráðinn aftur.

Það styttist í vetrarsólstöður en í framhaldi á þeim tekur dag aftur að lengja og flugvallarferðum fer fjölgandi eftir því sem líður á vorið. Menn koma misvel undan vetri, sumir hafa haldið sér í æfingu með innflugi, einhverjir í flughermum og aðrir nota vorið til að koma sér aftur í gírinn góða.

Hægt er að nálgast tímaritið sem rafrænt niðurhal á vefnum og eru flugmódelmenn hvattir til að dreifa tenglinum áfram til vana og vandamanna ásamt hverjum þeim sem kynni að hafa áhuga og gaman af að fræðast aðeins um áhugamálið okkar!

Slóðin er: <http://frettavefur.net/timarit/>

SVERRIR GUNNLAUGSSON

Ritstjóri

FLOTFLUGKOMA FMS



PIPER CUB FLUGKOMAN



33% Bergfalke frá Pilot-RC

- Skemmtilegur dagur á bökkunum



Graupner Harpoon

- Hraðskreiðasta biðskyldumerki landsins?



Kríumótið 2015

Mikið fjör í veðurblíðunni á Sandskeiði í Kríumótinu.

Híð árlega Kríumót var haldið á Sandskeiði 13. júní eftir miklar tilfæringar sem staðið höfðu yfir frá miðjum maí. Mótið gekk stóráfallalaust fyrir sig þó einstaka flugmódel hafi farið heim með fleiri skrámur en þau höfðu í upphafi dags.

Flognar voru fjórar umferðir og giltu þrjár bestu til stíga. Fimm keppendur hófu leik en einn þurfti að draga sig í hlé svo einungis fjórir kláruðu keppnina.

Vídeo frá keppninni má finna á YouTube, <http://bit.ly/kriumot2015>.



Sæti	Keppandi	Stig
1.	Guðjón Halldórsson	5.172
2.	Frimann V. Frimannsson	5.112
3.	Rafn Thorarensen	5.066
4.	Jón V. Pétursson	4.570



SANDSKEIÐ & VÍFILFELL skörtuðu sínu fegursta.



FLORIDA





JETS 2015



Douglas DC-4 Skymaster

Það var árið 2004 sem Birgir Sigurðsson hóf smíði á Douglas DC4, Skymaster, í hlutföllunum 1:8 af raunstærð fullskala fyrirmyndarinnar. Ekki var um það að ræða að kaupa teikningar og smíða eftir þeim heldur var lagst yfir ljósmyndir og málsettar teikningar af frummyndinni og eftir þeim var búin til teikning af flugmódelinu í réttum skala.

Þegar kom að því að velja flugvél til að líkja eftir þá varð Geysir, flugvél Loftleiða sem fórst á Bárðarbungu þann 14. september 1950 fyrir valinu en sem betur fer björguðust allir sem voru um borð eftir tæpa vikuvöl á Vatnajökli.

Þar sem vélin er um einn áttundi af stærð fullskala vélarinnar þá skilar það okkur vænghafi upp á 460 cm og skrokk lengd upp á 360 cm. Fjórir OS GT33cc bensínsmótorar sjá um að knýja flugmódelið en þeir eru að skila um 3 hö með þriggja blaða skrúfunum sem eru á móturum.

Hjólábúnaðurinn undir vélinni er smíðaður eftir teikningum frá Birgi af Ásgeiri Long en fleiri hundruð tímar fóru í þá vinnu. Upprunalega átti allt hjólakerfið að vera knúið af vökvakerfi en að lokum fór það svo að loft er notað til að hreyfa aðalhjólábúnaðinn upp og niður en vökvakerfi sér um hreyfa nefhjólíð upp og niður, stýringu á nefhjólínu og bremsur á aðalhjólunum.

Alls eru 19 hreyfimótorar (e.servo) sem sjá um að hreyfa hina ýmsu stýrifleti, blöndunga, ljósabúnað og hjól svo fátt eitt sé nefnt. Tveir móttakarar taka við merkjum frá fjarstýringu og afdreifikerfi sér um að deila straum frá tveimur 5000 mah rafhlöðum inn á kerfið. Aðskilin rafkerfi eru fyrir siglingaljósinn og vökvakerfið.

Flugmódelið er ekki tilbúið í frumflug en vonir standa til að það muni gerast á næsta ári.

Fyrsta brautarbrun undir eigin vélarafli fór fram snemma í haust og er hægt að sjá vídeó af því á YouTube, <http://bit.ly/Skymaster>.





Árið er...



Frímann var vel á veg kominn með Lancaster



Pétur eignaðist glæsilegan Tristar



Jakob sýndi Súluna á félagsfundum



Síðasta Fréttavefsflugkoman á Suðurvelli



Sólseturshátíðin í Garði



Kynlegir kvistir voru á kreiki!



Olaf Sücker kom í heimsókn



Þyrlur sáust af og til á almannafæri



Rauði baróninn mætti á Melana



Heila hærdeild þurfti í samsetningu



Halli horfði til himins



Gunni lét sig dreyma... sumir draumar rætast!



Brellumeistarar Eastwood flugu með FMS um sumarið



Sjá svar á bls. 24

ÍSLANDSMEISTARAMÓTIÐ Í F3B

LJÓSMYNDIR: SVERRIR GUNNLAUGSSON & EINAR PÁLL EINARSSON

Íslandsmeistaramótið í F3B, hraðaflugi, verður sennilega lengi í minnum haft en þrjár vélar fóru í sund og ein fór í jarðgangnagerð og var komin hálf leið til Kína þegar hún stoppaði.

Smá súld var þegar fyrsti menn mættu niður á Sandskeið um tíuleytið en fljótlega stytta þó upp. Sex flugmenn voru mættir til leiks ásamt Árna, Einar og Steinþóri sem héldu mannskapnum við efnið. Eftir að búið var að setja upp svæðið og taka nokkur æfingaflug þá hófst keppnin á slaginu 12. Fyrst var keppt í tímaflugi og marklendingu og gekk það bara þokkalega vel fyrir sig. Náðu allir flugmenn nema einn (jarðgöngin) þrem gildum tímaflugum en misjafnlega vel gekk að hitta á landingarpunktinn eins og gengur og gerist.

Skúli sviffflugmaður kom svo niður eftir og bauð mannskapnum í kaffi þannig að ákveðið var að gera stutt hlé fyrir hraðaflugið og njóta kaffi og vaffla í boði þeirra sviffflugsmanna. Rann það ljúft niður hjá viðstöddum og kunnum við þeim kærar þakkir fyrir viðgjörninginn!

Eftir kaffi hófst svo hraðaflugið og það var í þeim hluta sem þrjár vélar skelltu sér í bað, tvær á miðri leið og ein að lokinni þriðju umferð. Þrjár flugmenn náðu að fljúga þrjár umferðir í hraðafluginu, tveir eina og sá þriðji var enn að grafa til Kína eftir vélinni sinni. Mótinu var svo slitið upp úr klukkan 17.

Sæti	Keppandi	Stig
1.	Sverrir Gunnlaugsson	3.623
2.	Jón V. Pétursson	3.612
3.	Rafn Thorarensen	3.505
4.	Böðvar Guðmundsson	2.668
5.	Erlingur Erlingsson	1.771
6.	Guðjón Halldórsson	1.061





STRÍÐSFUGLAFLUGKOMA EPE



Mynd: Baldur Sveinsson



STÓRSKALAFLUGKOMA EPE







F-104 Starfighter frá Airworld í skalanum 1:4



Árið er 2005!



25% Bae Hawk frá Airworld með Behotec 220 túrbínu



ISSN 2298-8203



9 772298 820004

Þeir ákváðu að sleppa milliliðunum og grafa sig beint til Kína eftir flugmódelum!